

257. Stjórnarfundur FEBRANG 10.2 2025 kl. 13:00 í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Hauksson, Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Svavar Ólafsson. Sigurborg Óskarsdóttir boðaði forföll..

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdís Oddsdóttur að rita fundargerð og að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð 256. stjórnarfundar frá 3/2/2025. Lesin og samþykkt.
2. Fundargerð aðalfundar þann 3/2/2025. Samþykkt.
3. Stjórn skiptir með sér verkum. Ásdís Ólafsdóttir verður varaformaður, Einar G. Magnússon gjaldkeri, Jóna Elísabet Sverrisdóttir meðstjórnandi, Svavar Hauksson ritari, Svavar Ólafsson og Sigurborg Óskarsdóttir eru varamenn.
4. Rætt um mönnun í nefndir. Nefndarformenn kanni hvort fólk vill halda áfram í nefndum. Til umræðu að fá fleiri í nefndir. Erfitt hefur reynst að fá fólk til að starfa fyrir félagið. Enn vantar spilastjóra á Hvolsvelli.
5. Sveitaball verður 14.mars í Hvolnum á Hvolsvelli kl 20:00-23.30. Semja þarf við harmonikkufélag Suðurland um að spila. Gos verður selt á staðnum en annars er gert ráð fyrir að fólk komi með aðra drykki fyrir sig. Dísá gerir lagalista. Miðaverð 2.000 kr. Selt við innganginn
6. Félagið hefur áhuga á að standa aftur fyrir sundleikfimi í sumar. Finnur talar við Drífu og verður með frekari upplýsingar á næsta fundi.
7. Brynja Bergsveinsdóttir hefur séð um þúttið undanfarin ár. Einari falið að ræða við hana og formann golfklúbbsins varðandi komandi sumar.
8. Einar ætlar að taka að sér að kanna meðalaldur félagsmanna.
9. Til stendur að sækja um styrki fyrir snjalltækja kennslu. Finnur og Ásdís ganga í málið og verða með frekari upplýsingar á næsta fundi.

10. Næsti fundur 24. febrúar nk.

11. Önnur mál. Ásdís sagði frá verkefni sem 21 sveitarfélag og 6 stofnanir eru með sem vinna að því að stuðla að því að fólk geti verið lengur heima hjá sér þegar það er komið á efri ár.

Dísa ræddi um Aðler kerfið, hún mun setja sig í samband við félag eldri borgara í Hveragerði til að sjá hvernig þau eru að vinna með þetta kerfið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Formaður

Ritari